

Kennari:
Vala Hrund Jónsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk, samþætt verkefni
í Stapamix og þemum.

Tímafjöldi:
4 kennslustundir í viku að jafnaði

Bekkur:
9. bekkur

Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær greina einingar samfélags og umhverfis frá hinum minnstu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa). Samfélagsgreinar spanna fjölþættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Einnig að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Mikilvægt er að nemendur að nemendur tileinki sér réttisýni sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir umhverfið og þjóðfélagið í heild. Samfélagsgreinar örva bæði skapandi og gagnrýna hugsun og hvetja nemendur til þess að færa rök fyrir máli sínu og meta samkvæmni í skoðunum. Námi í siðfræði og trúarbragðafræði er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð.

Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessu sviðum hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann eða samfélagið í víðara samhengi. Nemendur þjálfast í að greina margs konar gögn, túlka margvíslegar heimildir og meta frásagnir um fjölbreytileg lífsskilyrði fólks sem og þróun samfélags og menningar. Nemendur fræðast um réttindi sín og skyldur og læra um stofnanir samfélagsins.

Samfélagsfræði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
		– sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.	

<p>Reynsluheimur</p> <p><i>Umhverfi, saga, samfélag og menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann</i></p>	<p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</p> <p>Myndefni af netinu</p> <p>Heimildamyndir</p> <p>Gögn frá kennara</p> <p>GoogleEarth</p>	<ul style="list-style-type: none"> – ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar. – sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. – fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars. – sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf. – aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi. – rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni. – fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður. – útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði. – greint mynstur manlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum. – gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun. – greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum. – sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og 	<p>Lestur</p> <p>Umræður</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Innlögn</p> <p>Veggspjöld</p> <p>Myndefni</p> <p>Hlustunarefni</p>
---	---	---	--

		<p>þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu.</p> <ul style="list-style-type: none">– gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.– þekki hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.– gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifapátta.– greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.– útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,– útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.– fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.– sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.– rætt og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.– greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.– útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.– gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan	
--	--	---	--

		<p>hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> – útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis. – útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn. – útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnámál, atvinnulíf og hugmyndastefnur. – greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga. – tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði. – bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni. 	
<p>Hugarheimur:</p> <p><i>Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</i></p>	<p>Trúarbragðavefurinn</p> <p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</p> <p>Myndbönd af netinu</p> <p>Heimildamyndir</p> <p>Gögn frá kennara</p>	<ul style="list-style-type: none"> – hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum. – rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund. – beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. – geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar. 	<p>Lestur</p> <p>Umræður</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Innlögn</p> <p>Myndefni</p>

		<ul style="list-style-type: none"> – vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar. – haft áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. – lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta. – sýni styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. – greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða. – gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess. – sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum. – sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga. 	
<p>Félagsheimur</p> <p><i>Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> – tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. – útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. – vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt. – fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. – rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, 	<p>Lestur</p> <p>Umræður</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Innlögn</p> <p>Veggspjöld</p> <p>Myndefni</p> <p>Hlustunarefni</p>

		<p>m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.</p> <ul style="list-style-type: none"> – komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. – rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi. – sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. – ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis. – útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur. – tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill. – sinnt velferð og hag samferðafólks síns. 	
<p>Námsmat</p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur: alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.</p>		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága